

AUGLÝSING

(V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

1. Vesturbyggð.

Patreksfjörður og Brjánslækur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda, að öðru leyti en því að byggðakvóta til fiskiskipa á Brjánslæk og Patreksfirði, samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007, verður úthlutað hlutfallslega miðað við landaðan afla til vinnslu í Vesturbyggð, frá 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.

Bíldudalur.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðaukum/-breytingum:

- a) 1. gr. b liðar verður: eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2007.
- b) 1. gr. c liðar verður: eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2007. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.
- c) Byggðakvóta Vesturbyggðar 102 þorskígildistonnum og byggðakvóta Bíldudals 137 þorskígildistonnum, samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007, skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal, á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.
- d) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámark er fellt niður.

2. Húnaþing vestra.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 720/2005 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 439/2007 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 75% er skipt jafnt milli ofangreindra skipa og 25% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár nú 2003/2004, 2004/2005 og 2005/2006.
- b) Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun og 100% aukningu aflaheimilda er fellt niður.

3. Langanesbyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) Byggðakvóta Langesbyggðar samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007 skal úthlutað til fiskiskipa miðað við landaðan afla í sveitarfélaginu á tímabilinu 1. júlí 2006 til 30. júní 2007.
- b) Hafí útgerð leigt frá sér meiri aflaheimildir en hún hefur leigt til sín í þorskígildum talið eða selt frá sér hærri aflahlutdeild en hefur verið keypt frá 1. september 2006 til 1. júní 2007 kemur hún ekki til greina við úthlutun byggðakvóta.
- c) Ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 439/2007 um 100% aukningu aflaheimilda er felld niður.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júlí 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hinrik Greipsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2007